

65 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu**
16. júní. um breyting á takmörkum Rosmhvalaneshrepps og Njarðvíkur-
hrepps o. fl.

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. þ. m., hafa stjórnarráðinu borist erindi frá hlutaðeigandi hreppsnefndum viðvikjandi breyting á takmörkum Rosmhvalaneshrepps og Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu, og hafið þjer í umboði sýslunefndarinnar mælt með því, að breyting þessi verði leyfð.

Útaf þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir :

1. Njarðvíkurhreppur, ásamt landi jarðarinnar Keflavíkur, skal vera hreppur út af fyrir sig, er nefnist Keflavíkurhreppur, og Rosmhvalaneshreppur að fráskilinni jörðunni og kauptúninu Keflavík skal vera hreppur fyrir sig, er heiti Gerðahreppur. Takmörk hins nýja Keflavíkurhrepps verða hin núverandi takmörk Njarðvíkurhrepps og gagnvart Gerðahreppi landamerki jarðarinnar Keflavíkur.
2. Hinn nýi Keflavíkurhreppur skal taka við öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Njarðvíkurhrepps þeim, sem eru eða síðar kunna fram að koma, en eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Rosmhvalaneshrepps skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Keflavíkurhrepps komi $\frac{58}{100}$ en í hlut Gerðahrepps $\frac{47}{100}$ og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal teljast að hafa fram farið frá þessa árs fardögum og hreppsnefndir í hvorum hinna nýju hreppa skal kjósa þegar eftir að tilkynning er komin um hreppaskiftin, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorri hreppsnefndinni, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum þannig, að sýslunefnd Gullbringusýslu sker úr, ef ágreiningur verður, og hún skal einnig kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Rosmhvalaneshreppi og hinum forna Njarðvíkurhreppi, sem dómpinghám nje manntalspinghám.